

# 239. fundur

stjórnar LSS haldinn fimmtudaginn 16.04 2015 kl. 09:30

á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Mættir: SBB, FH, IGG, KK, NP, SLS, PA, VLF

## 1. Fundargerð síðasta fundar Sp

## 2. Inntaka nýrra félaga

Brynhildur Elvarsdóttir – hlutastarfandi Heilbrigðisstofnun Norðurþings Sp.

Vignir Eypórsson – aukaaðild Sp.

## 3. Reikningar LSS 2014

Farið var yfir Ársreikningana á síðasta stjórnarfundum. Reikningarnir hafa verið undirritaðir af endurskoðanda, skoðunarmönnum og framkvæmdastjóra. Undirritaðir af stjórn á fundinum.

## 4. Ársfundur LSS 2015

Farið yfir dagskrána. Ársreikningar, fyrirlestur, kjaramál og mál frá deildum. Hafsteinn Pálsson frá Umhverfisráðuneytinu mun halda fyrirlestur um brunavarnaáætlanir og drög að reglugerð um slökkvilið.

## 5. Fagdeild Sjúkraflutninga

NP. Menntun ber hæst í vinnu fagdeildarinnar þessa dagana. Eigum við að halda okkur við Ameríska kerfið eða ekki? Boston consulting skýrslan! Í skýrslunni er sett út á að Basic námið sé einungis 3 vikna námskeið með 16 tíma starfsþjálfun. Umræður um að hægt sé að auka starfsþjálfunina t.d. í 50 tíma.

Bókstafanámskeiðin. Það er sóknarfæri fyrir skólann að vera með þessi námskeið. T.d. kúrs í lyfjafræði, 1-2 daga námskeið.

Samanburður á Sjúkraflutningaskólanum og Lögregluskólanum sem hefur fjölda starfsmanna og er á fjárlögum.

Eina heilbrigðis-starfsheitið sem ekki er kennt á Íslandi er Bráðatæknir. Miklar umræður um stöðuna og framtíðar fyrirkomulag í menntunarmálum.

## 6. Fagdeild Slökkviliðsmanna

Hringferðin. Komið var við á mörgum slökkviliðsstöðvum og skipst á upplýsingum og safnað kontaktaðilum. Víða er margt í ólagi og ljóst að MvS er ekki að sinna sínu hlutverki.

Brunavarnaáætlanir þarf að nýta betur. Fyrirlestur um krabbamein fékk góðar viðtökur.

Nauðsynlegt er að skapa slökkviliðsmönnum þær vinnuáætlaðar og öryggi sem þeim ber.

Farið yfir ráðstefnu slökkviliðsstjóra sem formaður fagdeildar og formaður LSS sátu.

## 7. Fagdeild Slökkviliðsstjóra

Umræður um hlutastarfandi slökkvilið.

Ráðningamál eru víða í ólagi. Nauðsynlegt er að vinna að gerð starfslýsingar fyrir slökkviliðsstjóra í hlutastarfandi liðunum. Nauðsynlegt er að nýta brunavarnaáætlanir meira í starfinu. Þó er margt efni í þeim sem þarf ekki að vera þar inni.

Brunavarnaáætlun er samningur milli slökkviliðsstóra og Mvs, en þarf samkvæmt lögum að fá samþykki sveitarstjórnar. Þær eiga það til að „fikta“ í þeim á ófaglegan hátt með kostnað í huga. Starfssvið slökkviliðsstjórnanna er að færast meira inn á skrifstofur, í skjalavinnslu.

## 8. Samningar SNS, SNR og LSS

Lítið að gerast. Ennþá er verið að vinna í bókunum með síðasta samningi við sveitarfélögin.

Farið yfir plagg frá ráðherra um aukið samstarf í samningagerð milli sveitarfélaga, ríkis og Reykjavíkurborgar. Á morgun verður fundur um starfsmatið hjá BSRB.

Farið yfir fyrstu hugmyndir að kröfugerð. Verður rætt á fulltrúaráðsfundinum á eftir.

Umræður um breytingar á vaktakerfi hjá SHS. Til stendur að setja ákveðinn fjölda á dagvaktir vegna álags í sjúkraflutningum. Umræður um greiðslur fyrir að bera boðtæki hjá atvinnu-slökkviliðunum. Velt upp hvort eigi að neita að bera boðtæki ef ekki fást nægar greiðslur fyrir.

Formaður, framkvæmdastjóri og formaður fagdeildar fóru á fund bæjarráðs Snæfellsbæjar vegna kjaramála.

## 9. Rauði haninn

Allt á áætlun.

## 10. Ferð LSS um landið

sjá lið 6

## 11. Ritnefnd

Nýtt blað í vinnslu og stefnt að útgáfu í maí-júní.

## 12. Önnur mál

- a) **Íþróttanefnd.** Fá hana til að skipuleggja næstu mót.
- b) **Fritökuréttarmál SHS** er í farvegi hjá lögfræðingi LSS.
- c) **Neyðarverðir.** Þeir eru í VR en hafa verið að velta LSS fyrir sér.
- d) **Aðildargjöld til BSRB** –ný tillaga er komin fram frá FÍF. Þar er lagt til að aðildargjöld til BSRB séu að hluta reiknuð út frá heildarlaunum og að hluta fast gjald á félagsmann.